

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Hólabrú – Náma í landi Innri-Hólms og Kirkjubóls.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 22. maí 2026 deiliskipulag fyrir Hólabrú, námu í landi Innri-Hólms, L133691, og Kirkjubóls, L133697. Í deiliskipulaginu felst að á svæði sem skilgreint er sem AT9 og E13 í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 er afmarkað svæði fyrir efnisvinnslu, allt að 2.250.000 m³. Sett eru ákvæði um starfsmannaaðstöðu, aðkomu og frágang svæðis að lokinni vinnslu. Á byggingareit B1 er heimilað að reisa (stækka við núverandi) 1.000 m² starfsmannaaðstöðu og á B2 er heimilað að reisa spennistöð/geymslu, samtals 250m².

Deiliskipulagið hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 22. júlí 2026.

F.h. Hvalfjarðarsveitar,
Jökull Helgason,
deildarstjóri Umhverfis- og skipulagsdeildar.

B deild - Útgáfudagur: 6. ágúst 2026